



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Skrifstofa AKÍS - 8.1.2018 kl. 18:00

Mætt:

Ragnar Róbertsson (RR), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Arnar Már Pálmarsson (AMP), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS) - Með fjarfundabúnaði: Stefán Örn Steinþórsson (SÖS), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS)

Fjarverandi:

Torfi Arnarson (TA), Garðar Gunnarsson (GG), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Erindi frá Braga Þórðarsyni

Formanni og framkvæmdastjóra falið að setja upp drög að svari til Braga.

2. Reykjavík International Games - eMotorsport

Stefnan sett á að klára reglur og keppnisdagatal fyrir næsta stjórnarfund, þannig að Íslandsmeistari verði í greininni 2019.

Ákvörðun um framhaldið verður tekin á næsta fundi stjórnar.

3. Greiðslur vegna ferðalaga erlendis

Gjaldkera, varaformanni og framkvæmdastjóra falið að setja upp drög að reglum um greiðslu kostnaðar.

4. #metoo

ÍSí hefur ekki afgreitt samþykkt okkar um þetta málefni. ÍSí ásamt menntamálaráðuneyti setti á fót nefnd sem skilaði drögum að frumvarpi sem menntamálaráðherra hefur lagt fram:

[“Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs”](#).

5. Keppnisstjóra og dómara námskeið FIA

Dagana 7.-10. febrúar verða þessi námskeið í Genf. Fyrirspurn verður send á formenn aðildarfélaganna og óskað eftir tilnefningum fyrir vikulok. Ákvörðun um framhaldið verður tekin á næsta fundi stjórnar.

6. Fyrirkomulag móta hjá AKÍS - vægi keppna ofl

Samþykkt að bæta inn í reglugerð um keppnisráð nýjum lið í 3. gr. sem hljóðar svona:

ákveða hvort keppni í mótarið eigi að hafa aukið vægi vegna aukins umfangs.

7. Tollar á keppnisbifreiðar - sögusagnir

Sögur hafa borist af því að keppnisbifreiðar séu ekki lengur undanþegnar vörugjöldum.

Engar breytingar sem varða keppnistæki hafa verið gerðar á tollflokkum um þessi áramót.



8. Dagsetning ársþings

Samþykkt að ársþing AKÍS verði haldið 9. mars 2019

9. Önnur mál

Stjórn AKÍS - Torfi Arnarson hefur sagt sig úr stjórn AKÍS vegna anna í starfi. Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir kemur því inn núna sem formlegur stjórnarmaður.

10. Næsti fundur

22. janúar 2019 kl. 18:00 á Google hangouts.